

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Viðskiptabréfareglur (60%) ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, veðréttur (25%) og þinglýsingar (15%)		
Prófdagur:	7. nóvember 2009	Kl.:	09:00 – 13:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	6 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:	

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR 60%

A. Rétt eða rangt (10%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. 1,5 stig eru gefin fyrir rétt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, sem gefur eitt stig). 0,75 stig eru dregin frá fyrir rangt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, þar sem frádráttur er 0,5 stig). Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Viðskiptabréfakröfur stofnast með sama hætti og aðrir samningar og geta með sama hætti jafnt verið skriflegar og munnlegar

[] Rétt
[] Rangt

2. Öll rafbréf eru viðskiptabréf

[] Rétt
[] Rangt

3. Sterkar mótbárur skuldara eru meðal annars fyrning kröfu, fjárræðisskortur og vangeymsla

[] Rétt
[] Rangt

4. Skuldabréf er skrifleg yfirlýsing, þar sem útgefandi viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu

[] Rétt
[] Rangt

5. Þegar um handhafabréf er að ræða komast engar mótbárur skuldara að gagnvart framsalshafa, enda falla þær niður við framsal til hans, sé hann grandlaus

[] Rétt
[] Rangt

6. Ef það gleymist að færa gjalddaga inn á víxil, þótt önnur formskilyrði víxillaga séu uppfyllt, þá er ekki hægt að innheimta kröfu á grundvelli skjalsins

[] Rétt
[] Rangt

7. Um viðskiptabréf, þar með talið skuldabréf, víxla og hlutabréf, gildir sú regla að það nægir að skoða efni skjalsins til þess að átta sig á efni þess

- [] Rétt
[] Rangt

B. Krossasurningar (20%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Eitt stig er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)

- [] Hlutaskírteini einkahlutafélaga eru viðskiptabréf
[] Skuldabréf, þar sem framsal hefur verið falsað, eru ekki viðskiptabréf
[] Rafbréf geta lotið viðskiptabréfareglum, s.s. um framsal krafna
[] Handhafaskuldabréf, sé greiðslustaður ekki tiltekinn, skal greiða hjá kröfuhafa

2. Þegar kröfuhafi hefur fengið ógildingardóm yfir viðskiptabréfi (réttasti möguleikinn skal valinn):

- [] Er hann eins settur og hann hefði viðskiptabréf undir höndum
[] Getur hann ráðstafað kröfunni samkvæmt bréfinu með þeim hætti sem viðskiptabréfareglur gera ráð fyrir
[] Er hann eins settur og hann var áður en ógildingardómur var kveðinn upp
[] Hefur skjalið verið felld úr gildi og dómhafa er heimilt að ráðstafa því sem skjalið hljóðaði um eins og hann hefði skjalið undir höndum

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um hinn svokallaða innlausnarrétt skuldara (réttasti möguleikinn skal valinn)

- [] Innlausnarréttur skuldara mælir m.a. fyrir um rétt skuldara til þess að fá aftur frumrit skuldabréfs með áritaðri kvittun, þegar það er greitt upp að fullu
[] Innlausnarréttur skuldara mælir m.a. fyrir um rétt skuldara til þess að fá útgefna kvittun í hvert sinn sem greiddir eru vextir af skuldabréfi
[] Innlausnarréttur skuldara mælir m.a. fyrir um rétt skuldara til þess að greiða af viðskiptabréfi fyrir gjalddaga bréfsins
[] Innlausnarréttur skuldara mælir m.a. fyrir um rétt skuldara til þess að fresta greiðslum, sé skuldajafnaðarréttur fyrir hendi

4. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að mótbárutap skuldara verði við framsal (réttasti möguleikinn skal valinn)

- [] Mótbárutap getur ekki orðið við framsal, ef framsal kom til fyrir gjöf
[] Mótbárutap getur orðið við framsal, sé um innheimtuframsal að ræða
[] Mótbárutap getur ekki orðið við framsal, ef framsal kemur til við skipti á óskiptri sameign
[] Mótbárutap getur ekki orðið við framsal, þegar nýr kröfuhafi hefur eignast kröfuna vegna veðsetningar og fullnustu veðsins

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Fyrri eigandi handhafabréfs getur ekki brigðað til sín bréfi sem hefur verið falsað um viðkomandi framsal, sé það í höndum grandlauss framsalshafa
 - ☐ Handhafabréf getur verið skuldabréf, víxill og hlutabréf
 - ☐ Skuldari glatar öllum mótbárum sínum gagnvart kröfuhafa samkvæmt handhafabréfi, sem er grandlaus um viðkomandi mótbárum
 - ☐ Handhafabréfareglur gilda um öll framsöl á viðskiptabréfi, sem upphaflega er handhafabréf, jafnvel þótt það breytist í nafnbref
6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Sé fjárhæð rituð með tölustöfum og með bókstöfum á skuldabréf, og þessum tölum ber ekki saman, þá gilda tölustafirnir
 - ☐ Rektaklásúla er ákvæði sem heimilar uppgreiðslu á skuldabréfi fyrir lokagjalddaga bréfsins
 - ☐ Eignist tveir menn sama rétt yfir sama viðskiptabréfi um svipað leyti, þá gengur sá framar sem eignaðist réttinn fyrir
 - ☐ Mótbára sem fallið hefur niður við framsal til grandlauss framsalshafa, raknar ekki við síðar við framsal til grandsams framsalshafa
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Verðbréfamiðstöð hefur milligöngu um eignaskráningu rafbréfa hjá reikningsstofnun
 - ☐ Rafbréf geta verið öll verðbréf, sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir
 - ☐ Heimilt er að gefa út áþreifanleg skilríki fyrir rafbréfum og ganga þau framar
 - ☐ Almennar reglur um viðskiptabréf varðandi mótbárutap skuldara gilda aldrei um rafbréf
8. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Clausula cassatoria er ákvæði sem bannar framsal og gerir í reynd viðskiptabréfakröfu að almennri kröfu
 - ☐ Hvað viðskiptabréfakröfur varðar þarf framsalshafi að setta sig við allar mótbárur sem þriðji maður hefur til kröfunnar, sé um nafnbref að ræða
 - ☐ Hvað almennar kröfur varðar þarf framsalshafi að setta sig við allar mótbárur sem þriðji maður hefur til kröfunnar (nema ef sérreglur gilda samkvæmt lögum)
 - ☐ Ekkert af framangreindu er rétt
9. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Mótbárur sem lúta að því að um málamyndagerning sé að ræða, minniháttar nauðung eða svik eru allt veikar mótbárur
 - ☐ Mótbárur um að krafa sé greidd, fallin niður, breyst fyrir skuldajöfnuð, eða breyst vegna nauðasamnings eru allt veikar mótbárur
 - ☐ Öll verðbréf eru viðskiptabréf
 - ☐ Ekkert af framangreindu er rétt

10. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)

- [] Þriðji maður getur einungis glatað beinum eignarrétti yfir viðskiptabréfi gagnvart grandlausum framsalshafa, ef um nafnbref er að ræða, og mótbára er veik
- [] Þriðji maður getur ýmist glatað beinum eignarrétti eða óbeinum eignarrétti (s.s. veðrétti) gagnvart grandlausum framsalshafa yfir viðskiptabréfi, ef um handhafabréf er að ræða
- [] Þriðji maður getur ýmist glatað sterkum og veikum mótbárum yfir viðskiptabréfi gagnvart grandlausum framsalshafa, ef um nafnbref er að ræða
- [] Þriðji maður getur einungis glatað beinum eignarrétti yfir viðskiptabréfi, ef um handhafabréf er að ræða

C. Raunhæft verkefni (30%)

Alexander Stefánsson keypti hlutabréf í Fjárfestingarfélaginu hf. Seljandi var BAB banki hf. Alexander greiddi helming verðmætis hlutabréfanna í reiðufé en fékk lán fyrir eftirstöðvunum. Það var í reynd fjármagnað þannig að Alexander gaf út skuldabréf fyrir þessum eftirstöðvum, sem BAB banki hf. keypti. Í texta skuldabréfsins kom fram að Alexander lofaði að greiða BAB banka hf. kr. 30.000.000. Bréfið átti að greiðast í þrennu lagi, þ.e. kr. 10.000.000 hinn 20. september 2009, kr. 10.000.000 hinn 20. september 2010 og loks kr. 10.000.000 hinn 20. september 2011. Skuldabréfið bar enga vexti.

Stefán Stefánsson, starfsmaður BAB banka hf., tókst að afla frumrits bréfsins. Hann falsaði eftirfarandi áritun á bréfið: „BAB banki hf. framselur hér með Stefáni Stefánssyni skuldabréf þetta til eignar. Reykjavík, 20. ágúst 2009, f.h. BAB banka hf., Jónas Jónasson, bankastjóri“. Bankastjórinn hafði við venjulegar aðstæður fullan rétt til framsalsins, samkvæmt reglum bankans.

Stefán seldi bréf þetta til Vaxtasjóðsins hf., sem starfrækti skuldabréfasjóð. Var við það tilefni ritað svofellt framsal á bréfið: „Skuldabréf þetta er hér með framselt Vaxtasjóðnum hf. Reykjavík, 30. ágúst 2009, Stefán Stefánsson“.

Vaxtasjóðurinn hf. kom bréfinu til innheimtu hjá Herði Harðarsyni, hæstaréttarlögmanni. Á gjalddaga hinn 20. september 2009 gaf Alexander sig fram við Hörð og greiddi honum kr. 10.000.000 í samræmi við skilmála bréfsins.

Áður en hann greiddi afborgunina fékk hann að skoða skuldabréfið og kanna framsalsröðina svo og hver væri síðasti framsalshafi bréfsins. Hann sá að þar stemmdi allt. Einnig skoðaði hann innheimtumboð lögmannsins. Afborgunin var færð inn á bréfið og fékk hann einnig lausa kvittun fyrir greiðslunni.

Hinn 25. september 2009 uppgötvaðist hjá BAB banka hf. að skuldabréfið væri glatað. Hafði BAB banki hf. þá strax samband við Alexander Stefánsson og fékk upplýsingar frá honum um að hann hafði þegar greitt fyrstu afborgun af skuldabréfinu. Háttsemi Stefáns Stefánssonar uppgötvaðist og var þegar kærð til lögreglu.

Svarið eftirfarandi spurningum ítarlega, með rökstuddum útskýringum og með tilvísun til gildandi reglna um viðskiptabréf.

1. Getur BAB banki hf. brigðað bréfinu frá Vaxtasjóðnum hf.? - Hvaða skilyrði þurfa með öðrum orðum að vera uppfyllt til þess að svo geti verið?
2. Hefði það skipt máli, varðandi niðurstöðu í spurningu 1, ef um hefði verið að ræða handhafabréf allan tímann?
3. Getur BAB banki hf. krafist þess að Alexander Stefánsson greiði aftur (tvígreiði) fyrstu afborgunina til sín? - Hvaða skilyrði þurfa með öðrum orðum að vera uppfyllt til þess að svo geti verið? Fjallið meðal annars um skilríkisregluna.
4. Hefði það skipt máli, varðandi niðurstöðu í spurningu 3, ef um hefði verið að ræða handhafabréf allan tímann?